

un umgetins skuldabryfs, og eru því mótmæli hans gegn lögmati hinnar áfrýjuðu fjárnámsgjörðar, sem byggð eru á því, að hafnað hafi verið löglegu borgunarframboði hans, eigi á rökum byggð. Það ber því að staðfesta hina áfrýjuðu fjárnámsgjörð að öllu leyti. Málskostnað ber áfrýjanda að greiða stefnda með 15 krónum.

Því dæmist rjett að vera:

Hin áfrýjanda fjárnámsgjörð á að vera óröskuð. Málskostnað fyrir yfirdómi greiði áfrýjandinn E. Egilsson stefnda sýslumanni Franz Siemsen með 15 krónum innan 8 vikna frá löglegri birtingu dóms þessa undir aðför að lögum.

Mánudaginn 24. októbermánaðar.

Nr. 39/1892:

Rjettvísinn
gegn
Jóni Sigurðssyni.

D ó m u r:

Í máli þessu er hinn ákærði, vinnumaður Jón Sigurðsson frá Mýri í Bárðardal, sakaður um það, að hann hafi sunnudaginn hinn 13. sept. f. á. með ráðnum huga drepit stúlkuna Guðfinnu Jónsdóttur frá Svartárkoti, sem var þunguð af hans völdum, og eptir að hann hafði játað glæp þennan á sig, var hann með aukarjettardómi Þingeyjarsýslu, uppkveðnum 3. sept. p. á., af hlutaðeigandi hjeradsdómara með tilkvöddum og eidfestum 4 meðdómsmönnum, dæmdur til að sæta lífláti og til að greiða allan löglegan sakarkostnað, þar á meðal 6 kr. í málsvarnarlaun í hjerði. Þessum dómi hefur

verið skotið til yfirjettarins samkvæmt tilsk. 24. jan. 1838, 15. gr.

Tildrög og atvik að glæpnum eru eptir framkomnum skýrslum þessi. Hinn ákærði og Guðfinna Jónsdóttir voru vinnuhjú á sama bæ, Svartárkoti í Bárðardal, frá vordögum 1889 til vordaga 1891, en þá fluttist hann að Mýri í sömu sveit. Meðan þau voru samtíða í Svartárkoti, gerðist einhver samdráttur milli þeirra, mestmegnis fyrir eptirgangsmuni Guðfinnu, án þess þó að sjöð verði, að þau hafi beinlínis trúlofapt. Þó komst þetta svo langt, að um páskaleytið síðara árið, sem þau voru í Svartárkoti bæði, kom ákærða til hugar að taka hana að sjer, en af þessum tildrögum og um það leyti varð hún barnshafandi af hans völdum. En þegar svo var komið, fór velvildarhugur ákærða til Guðfinnu smámsaman að hverfa, orsakalaust af hennar hálfu, og án þess að ákærði hafi getað tilgreint neinar verulegar eða eðlilegar ástæður fyrir því; að eins hefur hann borið það fram, að þau hafi verið ólík í lund, og að hann hafi verið hræddur um, að foreldrum sínum mundi eigi líka þessi ráðahagur. Ákærði tjáist síðar hafa talfært það við Guðfinnu, hvort hún eigi væri fánleg til að samþykkja, að þau hættu að hugsa um hjúskapar-samvistir, en til þess hafi hún verið ófánleg; hafi hún þá hermt upp á sig hjúskaparloforð, sem hann þó aldrei hafi berum orðum gefið henni, og hafi sjer gramizt það. Upp úr þessu fór það að hvarfla í huga ákærða, að losast við Guðfinnu með einhverju móti, en til þess hugkvæmdist honum ekkert annað ráð en að fyrirfara henni. Þessi hugsun, að ráða Guðfinnu af dögum, vaknaði hjá ákærða 3 vikum eða $\frac{1}{2}$ mánuði áður en hann framdi glæpinn, festist smátt og smátt hjá honum

og varð að fullum ásetningi. Hann fór að Svartárkoti laugardaginn 12. sept. f. á. meðfram til þess, að framkvæma þennan ásetning; var hann þá þar um nóttina, og á sunnudagsmorguninn 13. s. m. átti hann tal við Guðfinnu þar á bænum, og í því skyni að framkvæma áform sitt fjekk hann hana til að lofa að hitta sig þá um daginn eptir kl. 2 einhversstaðar á svæðinu frá beitarhúsunum á Víðirkeri og að Ullarfossi í Svartá, við ána sjálfa. Á sunnudagsmorguninn fór hinn ákærði frá Svartárkoti, og síðar um daginn eptir hádegi fjekk Guðfinna Jónsdóttir leyfi húsmóður sinnar til að bregða sjer út af heimilinu. Þegar hún eigi kom heim aptur, var gjörð leit eptir henni, og fannst hún loksins 16. s. m. örend í Svartá í svo grunnu vatni, að það rann eigi yfir allan líkama hennar. Eptir álitu hlutadeigandi læknis, sem hefur skorið líkið upp og rannsakað það, hefur Guðfinna dáíð köfnunardauða, og hyggur hann, að hún hafi verið köfnuð, áður en hún kom í vatnið. Hinn ákærði hefur nú og tregðulaust kannast við það, að hann hafi, þegar hann eptir umtali þeirra hittu Guðfinnu á hinum ákveðna tíma og stað við Svartá, án nokkurra umyrða lagt hendur á hana, þar sem hún sat á árbakkanum, sett vetling sinn og vasaklút fyrir vitin á henni, legið ofan á henni og haldið þannig fyrir vit hennar, þangað til hún var köfnuð, en að því búnu dró hann líkið út í ána, þar sem það síðar fannst.

Samkvæmt framburði hins ákærða og öðrum atvikum málsins er það ekkert vafamál, að hann hafi á ofanritaðan hátt af ásettu og fyrirhuguðu ráði fyrirfarið stúlkunni Guðfinnu Jónsdóttur, og eru engin atvik komin fram í þessu máli, er geti losað hinn ákærða við hina lögákveðnu refsing fyrir svofellt brot. Það er því

rjett, að hjeradsdómurinn hefur heimfært afbrot ákærða, sem er kominn yfir lögaldur sakamanna og eigi hefur áður sætt refsingu fyrir neinn glæp, undir 191. gr. almennra hegningarlaga 25. júní 1869, og dæmt hann til að sæta lífláti, og ber að þessu leyti að staðfesta hinn áfrýjaða dóm. Að því málskostnað snertir, ber hinum ákærða að greiða allan kostnað málsins fyrir 12. okt. f. á., er það fyrst var dæmt í hjerði, og sömuleiðis allan kostnað málsins frá því að það var þar síðast dæmt, 3. septbr. þ. á., þar með talin málsvarnarlaun í hjerði, 6 kr., og málflytningslaun til sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, 10 kr. til hvors þeirra.

Um meðferð málsins í hjerði er það að athuga, að hjeradsdómurinn hefur tvívegis áður látið dóm ganga í því, hinn 12. okt. f. á. og 14. jan. þ. á., en báðir þeir dómar hafa verið ómerktir, hinn fyrri af því, að meðdómsmenn eigi voru kvaddir til að dæma með undirdómaranum, en hinn síðari af því, að hinir tilnefndu meðdómsmenn eigi voru eidfestir, og hefur þetta gjört að nauðsynjalausu mjög mikinn drátt á málinu. Það þykir þó eigi ástæða til þess, að láta dómurinn sæta frekari ábyrgð fyrir þetta en að hann greiði allan kostnað, sem af málinu hefur leitt, frá því að það var fyrst dæmt í hjerði, 12. okt. f. á., og þangað til það var dæmt nú síðast 3. sept. þ. á. Að öðru leyti hefur rekstur og meðferð málsins í hjerði verið vítalaus, og málsfærslan fyrir yfirdómi hefur verið lögmæt.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn áfrýjaði aukarjettardómur á, að því hina síðdæmdu refsingu snertir, að vera óraskaður. Hinn

ákærði Jón Sigurðsson greiði allan í málinu fyrir 12. okt. f. á. áfallinn kostnað, svo og áfallinn og áfallandi kostnað málsins frá 3. septbr. p. á., þar með talin málsvarnarlaun í hjeradi, 6 kr., til Þorbergs hreppstjóra Þórarinssonar, og málflytningslaun til sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, málsfærslumanns Páls Einarssonar og cand. jur. Hannesar Thorsteinsson, 10 kr. til hvors þeirra.

Hjéraðsdómarinn, sýslumaður Benedikt Sveinsson, greiði allan kostnað, sem leitt hefur af málinu frá 12. okt. 1891 til 3. sept. p. á.

Dómi þessum ber að fullnægja undir aðför að lögum.

Mánudaginn 7. nóvembermánaðar.

Nr. 38/1892:

Hið opinbera

gegn

Sigurði Magnússyni og

Jóni J. Breiðfjörð.

D ó m u r :

Með lögreglurjettardómi Kjósar- og Gullbringusýslu, uppkveðnum 3. ágústmán. p. á., voru hinir kærðu, hreppstjóri í Vatnsleysustrandarhreppi Jón J. Breiðfjörð á Brunnastöðum og vinnumaður hans Sigurður Magnússon dæmdir fyrir brot gegn 1. gr. fiskiveiðasamþykktar 8. des. 1890, um ýmisleg atriði, er snerta fiskiveiðar á opnum skipum fyrir Rosmhvalanésshrepp, Njarðvíkurhrepp, Vatnsleysustrandarhrepp, Garðahrepp, Bessastaða-